



## Forspil Bæn

Ég trúi á ljós, sem lýsir mér.  
Á líf og kærleika.  
Á sigur þess, sem sannur er  
og sættir mannanna.

Á afl sem stendur ætíð vörð  
um allt sem fagurt er.  
Á Guð á himni, Guð á jörð  
og Guð í sjálfum mér.  
*Ólafur Gaukur - Erlent lag*



## Ritningarlestur

Ástarfaðir himinhæða,  
heyr þú barna þinna kvak,  
enn í dag og alla daga  
í þinn náðarfaðm mig tak.

Náð þín sólin er mér eina  
orð þín döggin himni frá,  
er mig hressir, elur, nærir,  
eins og foldarblómin smá.

Einn þú hefur allt í höndum,  
öll þér kunn er þörfin mín,  
ó, svo veit í alnægð þinni  
einnig mér af ljósi þín.

Anda þinn lát æ mér stjórna,  
auðsveipan gjör huga minn,  
og á þinnar elsku vegum  
inn mig leið í himin þinn.  
*Þýskur höf.  
Steingrímur Thorsteinsson*

## Ritningarlestur

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
.: Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu  
fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,  
því þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,  
þú smyr höfuð mitt með olíu,  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir mig mun ekkert bresta.:  
*Margrét Scheving  
23. Davíðssálmur*



## Minningarorð

### Einsöngur Rósin

*Friðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson*

## Miskunnarbæn

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,  
mig glepur sýn,  
því nú er nótt, og harla langt er heim.  
Ó, hjálpin mín,  
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,  
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú  
og hennar ljós?  
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú  
er burt mitt hrós.  
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,  
uns fárað öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,  
þú logar enn,  
í gegnum báur, brim og voðasker.  
Nú birtir senn.  
Og ég finn aftur andans fögru dyr  
og engla þá, sem barn ég þekkti fyr.

*Charles H. Purday  
J.H. Newman / Matthías Jochumson*



## Bæn - Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*P. C. Krossing  
Foersom - Sveinbjörn Egilsson*

## Moldun

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*P. C. Krossing  
Matthías Jochumsson*

## Blessun

## Eftirspil



*Prestur: Séra Arnaldur A Bárðarson  
Organisti: Haukur Arnarr Gíslason  
Kór: Kirkjukór Eyrarbyggakirkju  
Einsöngur: Hafþór Gestsson  
Umsjón útfarar: Borg útfararþjónusta*

*Fjölskylda Siggeirs (Geira) þakkar auðsýnda samúð  
og vinarhug og býður kirkjugestum að þiggja veitingar  
á Stað að lokinni athöfn*

*Jarðsett verður í Eyrarbyggakirkjugarði*



# Siggeir Ingólfsson

Fæddur 17. september 1952  
Dáinn 4. mars 2022



Útför frá Eyrarbyggakirkju  
föstudaginn 11. mars 2022